


Sigurður Guðjón Gíslason  
Sjóðsstjóri

## Um sjóðinn

Sjóðurinn er fyrir fjárfesta sem eru með samning um eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf við Íslandsbanka og hentar sérstaklega þeim sem vilja ávaxta fé sitt til meðallangs tíma í skuldabréfum bæði á innlendum og erlendum mörkuðum. Sjóðurinn beitir virkri stýringu sem byggir á ítarlegum greiningum og mati sjóðstjóra á gangi efnahagsmála og lykilstærða á fjármálamörkuðum.

Sjóðurinn fjárfestir eftir atvikum bæði í öðrum sjóðum og stökum verðbréfum. Eignadreifing er lykilhugtak í stýringu sjóðsins en mikilvægt er þó að átta sig á því að sveiflur geta verið í verðmætum skuldabréfa og þar með sjóðsins. Sérstaklega til styttri tíma.

## Stærstu eignir



## Fjárfestingarheimildir

Verðbréfasjóðir, sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og sambærilegir sjóðir

30-90%

## Aðrar fjárfestingar


10-70%

Skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð ríkissjóðs	0-60%
Önnur skuldabréf og víxlar	0-50%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%
Sérhæfðir sjóðir	0-20%
Afleiður	0-20%


## Almennar upplýsingar og tölfræði

Stofnár	2015
Stærð (m.kr.)	6.208
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Árleg umsýslarlaun*	0,30%
Kostnaður við kaup*	0,125%
Kostnaður við kaup í áskrift	0,00%
Áhættuvísir	2/7
Meðallíftími skuldabréfaeigna, ár	4,5
Verðtryggingarhlutfall skuldabréfa	62,2%

## Eignasamsetning



## Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
3 mán	1,4%	
6 mán	3,9%	
1 ár	8,0%	8,0%
2 ár	16,4%	7,9%
3 ár	21,8%	6,8%
4 ár	23,2%	5,4%
5 ár	26,3%	4,8%
Frá áramótum	2,4%	
Frá stofnun**	77,6%	5,3%

## Um Íslandssjóði

Íslandssjóðir hf. er elsta sjóða-stýringarfyrtæki á Íslandi, upprunalega stofnað árið 1994 og er í eigu Íslandsbanka. Félagið er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.

Íslandssjóðir stýra 23 sjóðum fyrir almenna fjárfesta og átta sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 400 milljörðum króna og um 12.000 sparifjáreigendur og fjárfestar hafa valið að ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins.

Félagið starfrækir úrval hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og er stærst í rekstri skuldabréfasjóða á Íslandi bæði þegar horft er til fjölda sjóða og eigna í stýringu. Íslandssjóðir hafa auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum og framtakssjóðum.


## Frekari upplýsingar

Tegund sjóðs	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000025468
Auðkenni	EINKA-A-EB
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Lágmarksáskrift	5.000 kr.
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila
LEI númer	549300YL15TMMXPN0J83

\*Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eru með samning um eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf við Íslandsbanka. Flokkur A er fyrir aðra fjárfesta. Fjárfestar í flokki B greiða lægri umsjónarlaun og fá 50% afslátt af kostnaði við kaup í sjóðum. Nánari upplýsingar um flokka A og B má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

\*\*Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 12. febrúar 2015

## Gengispróun



## Fyrirvari og áhættuþættir

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

**Markaðsáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánsþæfi útgefanda.

**Lausafjáraáhætta:** Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna ófull-nægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrar-félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

**Verðbólguáhætta:** Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

**Mótaðilaáhætta:** Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

**Stjórn málaáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórn málaákvæðana og stjórn málalegs óstöðugleika.

**Gjaldmiðlaáhætta:** Sjóðurinn fjárfestir að hluta til í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendra mynt. Gengi gjaldmiðla sveiflast og fjármálagerningar sem skráðir eru í erlendra mynt bera því með sér gjalddeyrissáhettu. Vegna gengisbreytinga getur því myndast hagnaður eða tap þótt virði undirliggjandi fjármálagernings í þeirri mynt sem hann er skráður í breytist ekki.

**Sjálfbærni áhætta:** Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

**Bent skal á að ávöxtunartölur vísa til fortíðar og að árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð.** Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem eru í boði. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykilupplýsingar og útboðslýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](#).

Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.